

fyrir hann getur hún svo keypt flösku af dýra portvinini svo Nei, nei, — ekki einn skilding..... Eg sé að hún hefir kveikt ljós í setustofunni þratt fyrir boð min og bönn og auðvitjað þá líka lagt í ofninn.... Á eg þá að vera kvalinn bæði a sál og líkama og rúnn efnalega? Ó, þetta ljós í setustofunni!

Þetta olli Pétri þvílikrat greinj, að hinir þverrandi kraftar funnðu svo ótrúlega upp, að hann komst tiltölulega léttilega upp útitróppurnar.

— Hvað var þetta? Moskuslykt!

Pétur kiknaði í knjáliðunum á meðan hann hringdi dyrabjöllunni.

Áður en nokkur kom til dyranna heyði hann skraf og gráthljóð innan við hurðina. Það var sumsé engin forstofa að herbergjuin þeirra.

Hann hriðskalf og nötraði. Hann gat ekki einu sinni ráðið við þessar fáu tennur, sem eftir voru í munnumum. Nafrarnir í neðri skoltinum læstust upp í holurnar í efri skoltinum, og hið gagnstæða, eins og þegar tennur í mylluhjólum leggjast á misvíxl.

Hann hringdi aftur, titrandi af kulda og taugaóstyrk.

Dyrnar opnuðust, og hin gremjulaða mikla ljósbirta streymdi út í stigaganginn, sem húseigandinn hafði aldrei tímpt að eyða gasljósi í.

Tveir lampar á gamla furuborð-

ini! Einmitt það, báðir silfurbrúð-kaupslamparnir!

Og auk ljóssins var vellandi hiti.

Andspænis dyrumum í legubekknum, legubekknum hans sjálfs sem hann hafði fengið sér svo margan blund í, lesið margt sunnudags guðspjallið í, sátu tvær kvensnifir. Tár þeirra tindruðu við lampaljósið.

Nú fyrst sá hann, að það var Pálina, sem lauk upp fyrir honum.

Hún var öll grátbólgin, og augun í henni leiftruðu af vonzku og tryllingsskap framan í föður sínum.

— Mamma er dán, sagði hún með þurlegum, skjálfandi rómi, sem var likastur þyt frostvindarins í mjörri viðargrein.

Pétur rak upp hljóð.

— Það er lygi!

Pálina hélt áfram:

— Og eg átti að bera þér kveðju frá henni og mér með þakklæti fyrir alt gott. Ætlarðu inn eða út?

Hann hrökklaðist aftur á bak, en hélt sér ósjálfrátt í handriðið.

Hurðinni var skelt aftur. — Kol-niða myrkur.

Daginn eftir var þetta í blöðunum:

“Aldraður maður, sæmilega vel til fara, fanst klukkan 10 í gærkveldi þmeðvitundarlaus í grjóthrúgu utan við Amakurhlið. Hann var fyrst fluttur á næstu löggreglin-stöðvar. Læknir var sóttur, og kendi hann unni niðurfallssýki.